

| fólk | menning | stjörnuþá | nám | matur | pistlar | tíðarandi | tónlist |

birta

● skiptir um takt



STJÖRNUMERKIN

» Hvað segja stjörnurnar um námsval?

MATUR

» Rifjaveisla og allt með

» ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN «
Dansar fyrir konur og karla

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
24. febrúar - 2. mars

Sjálfskipt Fiesta. Núna



► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spannandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Berðu saman Yaris og Fiesta

Fáir bílar eru jafn léttir í akstri og Ford Fiesta. Þú vilt sterkan sjálfskiptan smábíl sem gott er að keyra og auðvelt er að umgangast. Bíl sem auðvelt er að fara inn í - og út úr - án þess að þurfa reyna mikið á líkamann; hendur, fætur, mjöðm eða bak - þú prófar nýjan og breyttan Fiesta. Skiptu núna um bíl: Fiesta er nýtt tákni um nýja hönnun smábíla og skartar því besta frá stærri bílum eins og Focus og Mondeo. Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Öryggi Fiesta, aksturseginnleikarnir, sjálfskiptingin og glæsilegt útlit kalla á nýjan samanburð.

Berðu saman Toyota Yaris Sol og Ford Fiesta Trend. Kynntu þér staðalbúnaðinn. Farangursrymið. Kynntu þér þjónustu Brimborgar og endursölu Ford. Kynntu þér greiðslukjörin. Berðu saman verð og gæði og nýtt viðmið verður til fyrir val á rétta bílnum. Veldu sjálfskiptan Fiesta.

Nýr og breyttur Ford Fiesta: Lægra verð, meiri búnaður.*

Kaupverð

| | |
|--|----------------------|
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | 1.390.000 kr. |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | 1.540.000 kr. |

Bílasamningur

| | |
|--|-------------------|
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | 18.920 kr. |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | 20.970 kr. |


Rekstrarleiga

| | |
|--|-------------------|
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,4i 5 gíra | 26.910 kr. |
| Ford Fiesta 5 dyra Trend 1,6i sjálfskiptur | 29.590 kr. |

Nýttu þér kynningartilboðin á nýjum og breyttum Ford Fiesta



Ford er meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkaria. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueittiril samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd af Fiesta er áfjelgur.



Nýtt tákni um gæði



Berðu saman mikilvægasta búnaðinn; vélina, sjálfskiptinguna, IPS öryggiskerfið: Þú færð 1,6 l, 100 hö. Fiesta í stað 1,3 l, 87 hö. Yaris eða meiri kraft en svipaða eldsneytiseyðslu. Öryggiskerfið er hjarta Fiesta og státar af IPS öryggisbúnaðinum. Berðu saman akstursegjinleika Fiesta og Yaris. Spurðu um ABS bremsur, EBD hemlajöfnun, IPS öryggisþúða fyrir framsæti, einnig um IPS öryggisþúða í hliðum. Spurðu um 3-punkta bilbelti fyrir öll sæti, rafstýrða bilbeltastrekkjara og hæðarstillingu fyrir bilbelti. Rafstýrða eldsneytislokun. Styrktarbita í hurðum. Ræsivörn. Þú finnur aðeins það besta í Fiesta og Yaris. Taktu um stýrið og alvöru sjálfskiptingin gefur til kynna að þú ert í meiri og betri bil en áður. Trygguðu öryggi þitt. Berðu saman verð og gæði.

Kynntu þér örugga þjónustu Brimborgar. Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu nýjan og breyttan Ford Fiesta.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- | | |
|--------------------------------|---------------------------------------|
| IPS öryggisbúnaður | Upphitanleg framsæti |
| 4 öryggisþúðar | Trend áklæði á sætum |
| 5 höfuðþúðar | Tvískipt aftursæti |
| ABS hemlajæsvörn | Geislaspilari og 4 hátalarar |
| EBD hemlajöfnun | Rafdrifnar rúður að framan |
| Rafstýrðir bilbeltastrekkjarar | Fjaropnun á skotti |
| Hæðarstillt bilbelti að framan | Rafdrifnir og upphitanlegir útspeglar |
| Ræsivörn | Litað gler |
| Fjarstýrð samlæsing | Samliitir stuðarar |
| Hæðarstilling á ökumannssæti | Pokuljós |
| Hæðarstillanlegt stýri | |

Eða Fusion - svolítið jeppalegri?

Skoðuðu einnig nýjan og breyttan Ford Fusion. Þú ert á meiri og betri bil en áður. Hann er hærri og enn auðveldari að umgangast. Líka svolítið jeppalegri. Skoðuðu kynningartilboðin á sjálfskiptum Fusion í dag, einnig greiðslukjörin. Komdu í Brimborg.



■ Ford Fusion Trend
5 dýra 1,6i sjálfskiptur*
Kaupverð 1.650.000 kr.
Bílasamningur 22.460 kr.
Rekstrarleiga 31.530 kr.

Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



opnunartilboð í augastað!

Margskipt gleraugu með glampavörn frá kr.

20.900

frá 22.900 kr. með glampavörn og gleri sem dökkar í sól

Gleraugu fyrir fjarsýna og nærsýna (einn styrkleiki) frá kr.

11.900

Barnagleraugu frá aðeins kr.

7.900

Þú færð mælingu hjá sjónfræðingi á staðnum

Augastaður er í verslun Lyf & heilsu í JL-húsinu við Hringbraut og Hamraborg 8 yfir gjánni í Kópavogi.



augastaður
færir þér nýja sýn!



7



12



10



20

Þetta helst

- 7 Bolla bolla
- 8 Tíðarandi
- 10 Brennsla Margrétar Hugrúnar

Viðtöl og greinar

- 12 Kvenlegt verk og karlmannlegt: Frumsýning Íslenska dansflokksins
- 16 Geta stjörnurnar hjálpað fólki að velja rétta námið?

Hann hún

- 20 Rifjaveisla og allt með
- 24 Holl ídýfa
- 24 Grænmeti gert girnilegt
- 28 Stjörnuspa
- 28 Jóhanna segir kynjasögur

Í hverju blaði

- 30 Suduku
- 32 Krossgáta
- 33 Sjónvarpsdagskrá næstu viku

birta

24. febrúar – 2. mars 2006 nr. 8

ÚTGÁFUFLÉLAG: 365 – prentmiðlar
 RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
 steinunn@frettabladid.is
 og Sigríður Björg Tómasdóttir
 sigridur@frettabladid.is
 ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
 Skafthlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
 Laila Awad / laila@365.is
 Sölustjóri 515 7543 / 824 2356
 Ester Sigurðardóttir / ester@365.is@365.is
 Sölufulltrúi 550 5828 / 899 7600
 Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
 Sölufulltrúi 550 5854 / 866 0796
 Aron Bergmann Magnússon / aron@365.is
 Sölufulltrúi 550 5857 / 616 7490
 Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
 Sölufulltrúi 515 7580 / 821 7514

UMBROT: 365 – prentmiðlar
 Kristín Agnarsdóttir og Sigurður B. Sig.
 PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
 FORSÍDUMYND: Hari
 NETFANG: birta@frettabladid.is

Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.



Bolla! Bolla!

Bolludagurinn er á mánudaginn og er hann tvímælalaust einn af skemmtilegustu dögum ársins. Börnin vakna snemma, full tilhlökkunar vegna þess að á bolludaginn mega þau flengja foreldra sína. Litríkir bolluvendir, sem eru ýmist keyptir eða föntraðir af kostgæfni, biða tilbúnir við rúmstokkinn og eru óspart notaðir á foreldrana þegar allir eru komnir á fætur. Eftir að þeir yngri hafa flengt þá eldri safnast allir saman og troða sig út af gómsætum rjóma Bollum. Sumir vilja bara hefðbundnar gerbollur með sultu, rjóma og glassúr, aðrir vilja heldur vatnsdeigsbollur með súkkulaði og enn aðrir vilja vanillubúðing með rjómanum. Margir borða ekkert nema bollur þennan dag og hafa því fiskibollur í hádeginu og kjöt-bollur í kvöldmatinn. Sinn er síðurinn á hverju heimili en allir eiga það samt sameiginlegt að hlakka til þess að borða rjóma Bollurnar sem eru aðeins á boðstólum þennan eina dag á ári hverju.

Texti: Emíla Örlygsdóttir
Mynd: Valgarður Gíslason
Bollur: Bakaríð Sandholt

Heitt



Silvía Nótt Fólk elskar að elska hana, elskar að hata hana eða hatar að elska hana.

Volgt



Hvít belti Brytur aðeins upp formið og verður stöðugt meira áberandi.

Hvorki heitt né kalt



Polítísk umræða Smá þynna í gangi eftir öll stóru prófkjörin, svo nær hún aftur flugi í vor.

Við stofuhita



Palestínuklútar Ásgeir Kolbeins sást með einn slíkan og þess vegna hefur svalleiki klútanna minnkað til muna.

Ískalt



Útviðar gallabuxur Útvitt er dautt, niðurþröngt lifir. Beint er allt í lagi og Boot cut rétt sleppur.



Spurningakeppnir » Þjóðaríþróttin lifir góðu lífi

Spurningakeppnir hafa löngum verið nefndar þjóðaríþrótt Íslendinga. Enginn efast um skemmtanagildi þeirra enda eru sjónvarpsspurningaþættir hér á landi óteljandi. Í gær fór fram fyrsta sjónvarpskeppni vetrarins í lífseigustu spurningakeppni þjóðarinnar, Gettu betur. Á Stöð 2 er hinn splunkunýi þáttur, Meistarinn, að komast á almennilegt skrið og þar eru 16-manna úrslit nýhafin. Ekki liggur ennþá fyrir hvort Meistarinn eigi eftir að verða jafn lífseigur þáttur og Gettu betur en hann er allavega kærkomin viðbót við spurningakeppniflóru landsmanna. Einnig liggur ljóst fyrir að margir fleiri spurningaþættir eiga enn eftir að líta dagsins ljós í imbakössum þjóðarinnar.

Matur og fjör » Nú verður snætt, sopið og sönglað

Food and Fun-hátíðin hófst fyrr í vikunni og því ættu matgæðingar að vera brosandí út að eyrum og farnir að munda gaffalinn. Víða um bæinn leynast meistarakokkar sem bíða eftir því að heilla bragðlauka matargesta með listrænum flamberingum og snaggara- legum snöggsteikingum. Þegar ljúfir réttir heimsklassakokka eru komnir ofan í maga tínast matargestir út af veitingahúsum og leita uppi menningarviðburði á Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar. Menning og matur eiga því eftir að renna saman í eitt öllum til mikillar gleði og ánægju. Dagskrá viðburða má sjá á www.foodandfun.is og www.rvk.is.



» Saltkjöt og bolla, túkall

Sprengi- og öskudagur

Vikan framundan býður upp á skemmtilegan glaðning. Vikan byrjar á því að allir æða út í bakarí og kaupa nokkur stykki af rjómaþöktum bollum löðrandi í sultu og súkkulaði. Í nafni bolludags má sprengja sig út af kaloríum og þeyttum rjóma, enda stendur það á almanakinu að svo eigi að gera. Á þriðjudag, eftir að bollurnar hafa verið meltaðar, birgir landinn sig upp af saltkjöti og baunum og sýður í gríð og erg meðan jappað er á rófum. Þegar miðvikudagurinn rennur upp er fullorðna fólkið orðið svo úrvinda af áti að það klæðir börnin upp í furðubúninga og sendir þau út til að fá frið til að liggja á meltunni. Börnin ganga því laus og syngja af gleði yfir fengnu frelsi og einstaka konfektmolum meðan fullorðnir ná sér á strík á ný.



Vorum að taka
upp mikið
af rúmum



BabySam

Skeifan 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200
www.babysam.is

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

**Garðatorgi
GARÐABÆ**



ILSE JACOBSEN
KATHLEEN MADDEN

BAUM UND
PFERDGARTEN
NAJA LAUF

**Nýjar vörur
Vor 2006**



brennslan mín ...
Margrét Hugrún Gústavsdóttir

Margt smart gerir eitt gott

Margrét Hugrún Gústavsdóttir er blaðamaður og fyrrverandi ofurplötusnúður, eins og hún orðar það sjálf. Brennslan inniheldur lög sem Margrét hefur haldið upp á í gegnum tíðina. „Ég vil samt að það komi fram að brennslan er ekki í neinni sérstakri röð.“ Margrét segist alls ekki vera fordómafull á tónlistarstefnu og er ekki mikið fyrir að hólfa tónlistar-smekkin sinn niður. „Ef mér finnst lagið gott og ef ég trúi að það sé einhver einlægni á bakvið það er mér alveg sama undir hvaða tónlistarstefnu lagið flokkast.“

- TRACK 1** A Case of You - Joni Mitchell. Þetta er lag um konu sem segist geta drukkið kassa af manningum sem hún er skotin í en standa samt lappirnar þegar hún er búin með kassann. Það er ótrúlega gaman að syngja með þessu lagi hvort sem maður ræður við það eða ekki. Joni er náttúrulega með yfirnáttúrulegt raddsvið og textinn er kúl.
- TRACK 2** Lust for Life - Iggy Pop. Ég hef þrisvar sinnum keyrt út í snjóskafi af hreinum æsingi yfir þessu hressa lagi.
- TRACK 3** Mmm... Skyscraper, I love You - Underworld. Þetta er annað lag sem lætur mig alltaf keyra allt, allt of hratt.
- TRACK 4** 4. I Want You - Elvis Costello. Hann er kúl. Þetta lag fjallar um ástarþráhyggju. Eitt besta lag sinnar tegundar.
- TRACK 5** Prek og tár - Haukur Morthens og Erla Þorsteinsdóttir. Einu sinni varð ég að stoppa bílinn og gráta yfir þessu lagi.
- TRACK 6** Atomic - Blondie. Á einum stað í laginu syngur hún “Your hair is beautiful, wohooooo tonight”. Þarf ég útskýra nánar af hverju það er gaman?
- TRACK 7** The Ship Song - Nick Cave. Hann hefur gert svo mörg falleg lög að ég veit varla hvar á að byrja. En þetta er vissulega með þeim alfallagustu.
- TRACK 8** Comfortably Numb - Scissor Sisters. Ég vissi ekki alveg í hvaða átt ég átti að hoppa þegar ég heyrði þetta fyrst. Eiturhressir falsettuhoμμαr að syngja þunglyndishasslag með Pink Floyd. Dásamlegt alveg. Frábær endurvinnsla á frábæru lagi!
- TRACK 9** Naturräne - Nina Hagen. Þetta er ótrúlega dramatísk óperu-pönk-melankólíu-ballaða sungin á úberþýsku af Ninu Hagen. Ég var ómótað barn þegar ég heyrði þetta lag fyrst og fullyrði hér í fyrsta sinn á prenti að það hafi mótað mig til frambúðar.
- TRACK 10** Man of Constant Sorrow - The Soggy Bottom Boys. Bluegrass þykir mér skemmtileg tónlistarstefna. Alltaf nóg að gerast í textunum og skemmtilegur ryþmi til að fylgja þeim eftir. Sorg og sæla.

» birta mælir með...



... **LASOONI KEBAB Á AUSTUR INDÍAFÉLAGINU** Austur Indíafélagið á hrós skilið fyrir frábæra eldamennsku og góða þjónustu. Af matseðlinum þeirra ætti enginn að láta Lasooni Kebab-kjúklingaréttinn fram hjá sér fara. Kjúklingurinn er maríneraður í hvítlauk, kardimommum og fennel og svo fylgir piparmyntuchutney með. Birta segir ekki annað en nammi namm, má ég fá ábót.

...**PLÖTUNNI THE LIFE PURSUIT MED BELLE & SEBASTIAN** Alltaf gleðitíðindi þegar þessi stuðsveit frá Skotlandi sendir frá sér breiðskífu. Lífssetingaleikurinn er betri en margar af síðustu plötum hljómsveitarinnar en langt frá því að vera þeirra besta. Hljómsveitin er líffleg, glaðlynd og hressandi en hefur fengið ámæli fyrir að vera einsleit. Málið er samt að það þarf ekki endilega að finna upp hjólið í hvert einasta skipti.



... **BÓKINI THE PEOPLE'S ACT OF LOVE** eftir breska rithöfundinn James Meek. Sagan gerist í Síberíu í kringum 1920 þar sem fanginn Samarin er á flóttu undan samfanga sínum sem braust úr fangabúðum og tók Samarin með sér til átu. Samarin kemur að litlu þorpi þar sem Tékkar eru við völd, og þorpsbúar eru hluti af sérkennilegum strangtrúarhóp. Hann hittir þar fyrir merkilegar persónur og örlög þeirra allra fléttast saman á sérstakan hátt. Þetta er stórbrotin saga sem fjallar um áhrif stríðs á mannlegt eðli og heldur manni vel við efnið.

NÝTT

Blátannarhjálmur

Hjálmurinn sem um ræðir hentar vel til margskonar útivistar, skíðafólki þó sérstaklega. Hann er svokallaður Blátannarhjálmur (blue tooth) og gerður úr físléttu „fjöllíukolefni“ (polycarbon). Þótt hann líti út eins og aðrir hjálmar er Blátannarhjálmurinn ekki hefðbundinn nema að litlu leyti. Eyrnahlífarnar hlífa eyrum ásamt því að virka sem hátalarar. Hátalarnir taka við sendingum úr ýmsum græjum sem hafa blátannarsendingu, til dæmis úr iPod, farsímum, minidiskum og öðru þess háttar. Því er hægt að bruna niður brekkurnar með uppáhaldstónlistina í eyrunum. Ef farsíminn skyldi hringja lækkar hjálmurinn sjálfkrafa í tónlistinni og hægt er að svara í símann. Nánari upplýsingar um þennan sniðuga hjálm fást á www.utivera.is og www.chainreactioncycles.com.

car

The leading British magazine Car came in the January 2006 to the same conclusion as so many other judging panels:

THE COMPETITORS FOR THE 2005 CAR OF THE YEAR:

ALFA ROMEO 159 LEXUS RX 400H JAGUAR XJD
RANGE ROVER SPORT HONDA CIVIC
BMW 3-SERIES SUZUKI SWIFT RENAULT CLIO
TOYOTA AYGO MERCEDES BENZ S-CLASS

THE WINNER: 2005 CAR OF THE YEAR



Suzuki Swift er bíll sem hefur sett ný viðmið í hönnun, útliti og aksturseiginleikum fólksbíla og hefur fengið fádæma góðar viðtökur um allan heim. Suzuki Swift var valinn bíll ársins á Íslandi 2006 af BIBB samtökum íslenskra bílابلaðamanna. Suzuki Swift var einnig valinn „Car of the Year“ 2005 af virtasta bílابلaði Bretlands „Car magazine“. Hann var valinn bíll ársins á Írlandi, Nýja-Sjálendi, Astralíu, Kína, Malasíu og Japan. Í Japan fékk Suzuki Swift líka „most fun special special achievement award“ og „Design award of the year“.

25 ÁR Á ÍSLANDI



1981-2006

 **SUZUKI**
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is

ÍSLANDS
BÍLL
ÁRSINS
2006
MANNNA



„**D**ansverkið mitt er mjög karlmannlegt, en ég held að verkið hennar Didy sé mjög kvenlegt,“ segir Rui Horta danshöfundur, hlær við og tekur fram að hann hafi ekki séð það enn. Skemmtileg athugasemd í ljósi þess að samtal blaðamanns við Didy snerist að miklu leyti um kynhlutverk og hefðbundnar skilgreiningar á því hvað er karlmannlegt og hvað er kvenlegt.

Verk Didyar, Súrt og sætt, fjallar um hefðbundna imynd kynjanna. Til að bregða ljósi á hana vísar hún í tegund af dansi sem byggist mjög á hefðbundnum hlutverkum kynjanna, samkvæmisdönsum. „Ég dreg upp mynd af þessum hlutverkum í dansverkinu,“ segir Didy sem finnst merkilegt hvað hefðbundin kynhlutverk halda velli þrátt fyrir jafnréttisbaráttu undanfarinna áratuga. „Hugmyndir um hvað er kvenlegt og hvað er karlmannlegt eru í raun mjög íhaldssamar. Háir hælur og stutt pils þykja kvenleg en samkvæmt hefðinni eiga karlmenn að vera sterkir. Og það er ótrúlegt hvað margar konur dreymir um riddarann á hvíta hestinum og karlmann sem opnar fyrir þær dyrnar. Ég hef sjálf sinnt mínum starfsframa mjög vel og er alin upp við jafnrétti en stundum langar mig bara að vera heima og baka fyrir börnin mín, vera mamma fyrst og fremst.“ Didy þvertur þó fyrir að vera að breiða út einhvern boðskap í verkinu.

„Ég er fyrst og fremst að leika mér með hlutverkin. Ég lagðist í rannsóknir fyrir verkið og komst að því að hefðbundin verkaskipting karla og kvenna á sér djúpar sögulegar rætur, karlar fóru út að veiða og konurnar voru heima til þess að sjá um börnin, það var ekki skynsamlegt fyrir þær að vera á veiðum því þar var of mikið mannfall, konurnar þurftu að sinna afkomendunum og tryggja þær með að ættbálkarnir lifðu áfram.“



„Við erum alltaf að gera tilkall til þess að eiga okkar eigið svæði, pláss er svo mikilvægt í dag – nú á dögum þegar sífellt minna er af því“

LANGPRÁÐ ÍSLANDSHEIMSÓKN

Móðureðlið fékk Didy til að flytja búferlum fyrir tveimur mánuðum þegar hún flutti heim til Hollands eftir ellefu ára búsetu í London. „Ég vildi ekki ala upp börnin þar,“ segir Didy sem valdi rólegri slóðir og vonar að hún og enski maðurinn hennar umi sér þar. „Það verður bara að koma í ljós.“ Didy leggur land undir fót nokkrum sinnum á ári til að setja verk sín á svið víða um heim.

Heimsóknin nú er hennar fyrsta á Íslandi. Hún segir lengi hafa staðið til að koma til landsins. Loks núna hafi gefist tími til þess og hún sé mjög ánægð með það. „Ég hafði ekki hitt dansarana áður en ég kom til að æfa verkið mitt, það tók okkur því smá tíma að stilla saman strengi. En við náum vel saman,“

segir Didy sem hafði lagt drög að verkinu þegar hún kom hingað fyrst fyrir júl. „Ég hafði undirbúið mig vel og lagt grunninn að verkinu. Hreyfingarnar þróast hins vegar í samvinnu við dansarana.“

ÁTÖKIN INNRA MEÐ OKKUR

Samvinna var einnig lyklatríði í sköpun verks Horta, Gleðilegt ár. Hann kom til landsins fyrir nokkrum vikum án fastmótaðra hugmynda um verkið. Hann mætti með fána á fyrstu æfingu og fáninn varð innblástur að verki sem fjallar um átökin innra með okkur, átökin milli einstaklinga, hópa og þjóða. „Það eru átök innra með okkur öllum og okkur hættir til að beina þeim gegn öðrum,“ segir Horta og telur að rými og svæði leika stórt hlutverk í verkinu. „Við erum alltaf að gera tilkall til þess að eiga okkar eigið svæði, pláss er svo mikilvægt nú á dögum þegar sífellt minna er af því.“

Rui segir verkið vera drungalegt. „Það fjallar líka öðrum þræði um loforð og svikin loforð, við þekkjum þau öll. Allir kannast við að segja eitt í dag og standa svo ekki við það á morgun,“ segir hann og vill meina að við þurfum að þekkja okkar dökku hliðar. „Líka til að brosa að þeim, verkið er fullt af kaldhæðni og hómor.“

Það varð til í nánú samstarfi við dansarana. „Við töluðum saman, ég fékk innblástur hjá dönsurunum og samdi verkið í framhaldi af samræðum okkar. Ég er búinn að margbreyta kóreógrafínunni,“ segir hann og hlær og bætir við að verkið sé ekki tilbúið enn, þegar viðtalið var tekið viku fyrir frumsýningu.

Rui er að semja verk í annað sinn fyrir Íslenska dansflokkinn, en heimsókn hans til landsins nú er sú þriðja. „Fyrst þegar ég kom þá setti ég á svið verk eftir mig sem ég hafði samið áður, ég þarf alltaf að hitta dansflokk og kynna dönsurunum áður en

Karlmannlegt verk og kvenlegt


» Portúgali, Hollendingur og Spánverji eiga það sameiginlegt að hafa dvalist flestum stundum í Borgarleikhúsinu undanfarnar vikur. Þau koma sitt úr hvorri áttinni en eiga það sameiginlegt að dansinn hefur dregið þau til Íslands. Rui Horta og Didy Veldman eru í hópi fremstu danshöfunda í Evrópu. Þau hafa samið verk fyrir Íslenska dansflokkinn sem frumsýnd verða í kvöld. Jesús de Vega er gestadansari dansflokksins og fer með stórt hlutverk í verkunum.



ég get samið verk með þeim,“ segir Rui sem líkar afar vel að vinna á Íslandi. „Ég vel mín verkefni af kostgæfni í dag, sem svona tvö til þrjú verk á ári en er annars að sinna listasmíðju minni í Portúgal.“ Það kemur á daginn að smíðja þessi er í klaustri frá fimmtánda öld í portugalskri sveit. Þangað safnar Rui til sín listamönnum sem vinna með honum. Eftir áratuga dvöl fjarri heimahögum þykir Rui gott að vera fluttur heim til Portúgal og geta sinnt fjölskyldunni sinni betur. „Ég nýt lífsins betur og tek því rólegar en áður.“

Bæði Didy og Rui eru lífleg og þægileg að tala við. Þau njóta þess augljóslega sem þau eru að fást við og blaðamaður Birtu er ánægður með að hafa fengið að skyggast inn í heim danshöfunda sem hafa vakið athygli víða um heim og eiga vonandi eftir að auðga íslenskt danslíf enn meira en þau hafa gert nú þegar.

„Háir hælur og stutt pils þykja kvenleg en samkvæmt hefðinni eiga karlmenn að vera sterkir“



Dansarar Íslenska dansflokksins, Jesús de Vega er fremst til vinstri.

Dansinn er gefandi

Eyjaskeggjanum Jesús de Vega fannst hann vera kominn heim til sín þegar hann ók í fyrsta skipti frá Flugstöðinni til Reykjavíkur. „Katrín Hall (listrænn stjórnandi dansflokksins) varaði mig við eyðilegu landslagi þegar hún tók fyrst á móti mér á flugvellinum, en þegar við vorum lögð af stað leið mér eins og heima,“ segir Jesús sem er frá Kanaríeyjum og þekkir því hraun og sjó frá heimahögunum. Hann þekkir líka vel hugarfar eyjaskeggja: „Mér finnst ég skilja brjálæðið í Íslendingum, hvers vegna þeir eru stundum fjarlægir og stundum hlýir. Ég skil líka vel þörf þeirra til þess að komast í burtu og ferðast.“

Jesús yfirgaf sjálfur heimahagana ungur að aldri, hélt til meginlandsins og dansaði í mörg ár í Madrid og Barselóna. Síðasta vetur bjó hann í Hollandi. Hann segir allt flakkið stundum taka á en það sé einfaldlega hlutskipti dansarans. „Ástin mín býr til dæmis í Hollandi og það skapar mikla togstreitu. Ég hef ekki séð tveggja ára systurson minn nema einu sinni, hitti fjölskylduna ekki nægilega oft. En ég hef lært gríðarlega mikið af dansinum og væri ekki sá sem ég er í dag ef ég hefði ekki farið svo víða og kynnst svona mörgum. Það er mjög gefandi að vera dansari. Ég hef mjög mikinn áhuga á samskiptum við fólk og því að deila hlutum með fólki, dansinn gefur mér tækifæri til þess. Mér þykir nefnilega betra að tjá mig í dansi en orðum.“

Jesús er í veigamiklu hlutverki í verki Rui

Horta. Svo skemmtilega vill til að Rui kom við sögu þegar Jesús kom fyrst hingað til lands sem gestadansari veturinn 2001-2002. Vinur Jesúsar frétti nefnilega af því í gegnum hann að Íslenski dansflokkurinn væri að leita að karldansara. Jesús sló til og sá ekki eftir því. „Mér fannst fyrsti veturinn hér mjög erfiður út af veðrinu en þó frábær. Þegar ég kom aftur voru reyndar allir að minna mig á hversu mikið ég kvartaði yfir veðrinu en ég var löngu búinn að gleyma því,“ segir Jesús og hlær. Þegar honum bauðst að koma hingað aftur til þess að dansa með dansflokknum, meðal annars í verki Horta og Veldman, var hann ekki lengi að hugsa sig um. „Ég trúi því að lífið fari í hringi og fannst það að sumu leyti loka þessum hring að koma hingað og dansa í verki eftir Horta, vegna þess að ég kom hingað í fyrsta sinn vegna ábendingar hans. Ég hafði líka séð verk eftir Didy sem mér fannst frábært og þótti mjög spennandi að fá að vinna með henni.“

Ög samvinnan hefur gengið vel. Jesús segist hrifast bæði af finlegu verki Didyar og aggressífu verki Ruis. „Verk Didyar er mjög fallett. Hún veur athygli á smáatriðum á mjög fallegan hátt. Verk Rúís fjallar hins vegar um átök og ég þurfti að grafa upp reiðina innra með mér til þess að dansa í því. Það er hins vegar nauðsynlegt fyrir dansara að geta slakað á og nálgast tilfinningar sínar, það er líka mjög gefandi.“

ALPES

Þjóðum nú eldavélar, ofna, vaska, helluborð og eldavélar frá Alpes á Ítalíu. Margverðlaunuð hönnun; (Good design, Golden compass). Endalausir möguleikar. Notagildi, öryggi, ending, vandaður frágangur og góð efni, eru einkennandi fyrir Alpes eldhúsið.



KAFFIBOD á horni Grettisgötu og Barónsstígs www.kaffibod.is, s: 562 10 29



*„Gott kaffi er ein af lystisemdum lífsins.
Corso Impero frá Tosteria del Corso er kaffið sem við drekkum.“*

Albert & Bergþór



*Tosteria del Corso
il caffè...per passione*

„CORSO IMPERO“



Corso Impero er blanda úr 8 mjög verðmætum Arabica og Robusta kaffibaunum. Þetta er mest selda kaffið frá Tosteria del Corso. Var valið til að bera fram í krýningarafmæli bresku drottningarinnar og er borið fram af sumum virtustu veitingaþjónustum í Evrópu.

Ilmur: Súkkulaði, möndlur og hnetur.

Froða: Þykk með litlum bóllum, karamellulitur.

Bragð: Þétt, mikið ristað og rjómakent. Dökkt án þess að vera rammt. Gott jafnvægi á milli ávaxta og beiskju.

Eftirbragð: Mjög langt með þægilegri síru.



Fæst í: Gripið og Greitt, Hagkaup, Miðbúðinni, Ostabúðinni við Skólavörðustíg, Samkaup, Yndisauka og Versluninni Rangá. Allt um nýju tegundirnar sjá www.gjordusvovel.is

gjordusvovel.is

» Stjórnurnar og námið

GETA STJÖRNURNAR HJÁLPAÐ FÓLKI AÐ VELJA RÉTTA NÁMIÐ?

Pegar skelfdir stúdentsprófpreytarar hafa lokið við próf sín og fengið að njóta frelsisins í augnablik kemur að ákvörðun sem margir kvíða: Hvað skal gera í framtíðinni? Sumir velja að yfirgefa menntabrautina og aðrir sjá menntaveginna fyrir sér beinan og breiðan, og fyrst og fremst vel stikaðan, í átt að öruggri framtíð. Margir eru þeir sem standa á krossgötum með stefnuljós í báðar áttir og hafa ekki hugmynd um hvaða fag skuli velja í háskóla. Það auðveldar nemendum ekki valið að fá í hendur hnausþykkan námskrár með örlýsingum á námskeiðum og brautum og vera svo vinsamlegast beðnir um að drífa sig, röðin sé svo löng. Þá er um að gera að leita til vana og vandamanna til að auðvelda sér valið, og ef það dugar ekki, þá má leita til fagmanna og taka próf. Ef maður er engu nær eftir allt þetta og samkvæmt áhugasviðsprófi ætti maður að vera fjármálastjóri í skemmtigarði, er ekki úr vegi að spyrja stjórnurnar ráða.

Stjórnumspeki er elsta vísindagrein í heimi. Fram á 16. öld voru allir lækna stjórnuspekingar og enginn konungur hélt hirðán stjórnuspekinga. Birta fékk Gunnlaug Guðmundsson stjórnumspeking til að fara yfir stjórnúmerkin og kanna hvort þau henti misvel í mismunandi fræðigreinum.

Áður en hafist er handa vill Gunnlaugur taka það fram að stjórnúmerkin tólf eru aðeins einn hluti stjórnumspeki og að líta þurfi á hvern einstakling fyrir sig. Stjórnumkort séu mismunandi fyrir hvern og einn og eftir fæðingadegi, stærð og stund. „Það að líta aðeins á stjórnúmerkið sjálft er eins og að kanna heilsu einstaklings og skoða bara hjartað,“ segir Gunnlaugur. „Þetta eru margir þættir sem allir hafa áhrif.“

Samkvæmt stjórnumspeki ætti staða himintungla að hafa áhrif á hvaða fag hentar okkur og hvaða fög við ættum að forðast. „Vissulega er það svo að stjórnurnar hafa áhrif á skapgerðina og þannig ætti að vera hægt að lesa í stjórnumkort hvort sumar námsleiðir henta betur en aðrar. Þetta er reyndar svið stjórnumspeki sem ég er mjög hrifinn af og ég tel að það geti hjálpað mörgum að taka réttar ákvarðanir,“ segir Gunnlaugur.

Hér á eftir fara stjórnúmerkin tólf, helstu styrkleikar og hvar þeir nýtast best. Hvaða fag



BIRTA/CVA

Gunnlaugur Guðmundsson, stjórnumspekingur og ritstjóri stjórnumspeki.is

ætti að velja og hvað ekki. Þar að auki nefnir Gunnlaugur þekkta einstaklinga í hverju stjórnúmerki sem honum þykir lýsandi fyrir merkið.

Þess má svo geta að Háskóli Íslands er með opið hús á sunnudag og aðrir háskólar í Borgarleikhúsinu á laugardag sem gefur óákveðnum gott tækifæri til að skoða námsmöguleika vel.

HRÚTUR: er spretthlaupari sem gaman hefur af frumkvöðlastarfi og vill hafa mikið líf í kringum sig. Hann þarf áskoranir og er illa við stöðnun.

MÆLT MED: frumkvöðlaviðskiptum og iðnaði þar sem byggt er upp, t.d. byggingaverkfræði.

MÆLT GEGN: störfum þar sem nákvæmni og yfirsýn er þörf, t.d. bókhaldi. **LÝSANDI DÆMI:** Kári Stefánsson í DeCode

NAUT: er langhlaupari öflugt við hrúttinn. Hann vinnur lengi að settu marki af yfirvegun, stöðugleika og með yfirlegu.

MÆLT MED: bankatengdum fjármálum (viðskipta- og hagfræði) og læknisfræði. Ritstörf eiga vel við naut. **MÆLT GEGN:** störfum þar sem atgangurinn er mikill og stöðugur framþróun er þörf. **LÝSANDI DÆMI:** Halldór Laxness og Gunnar Gunnarsson rithöfundar.

TVÍBURI: er flöktandi og þarf á fjölbreytni í starfi að halda. Hann er félagslega sinnaður og vill miðla til annarra.

MÆLT MED: fjölbreyttum störfum. Fjölmiðlafræði og kennslustörf henta tvíburum vel. **MÆLT GEGN:** einhæfum störfum þar sem algjörar einbeitingar er krafist. **LÝSANDI DÆMI:** Páll Magnússon útvarpsstjóri.

KRABBI: er umhugað um lífsnauðsynjar, varðveislu þeirra og uppbyggingu með praktísk sjónarmið.

MÆLT MED: undirstöðuatvinnugreinum þar sem séð er fyrir nauðsynjum, t.d. sjómennsku og landbúnað. Krabbar vinna oft við tryggingar. **MÆLT GEGN:** ótryggum atvinnugreinum. **LÝSANDI DÆMI:** Helgi Björnsson söngvari og hestamaður.

LJÓN: er skapandi og oft í skemmtanabransanum. Það lætur oft stjórnaft af hugsjónum og þarf að hafa líf í kringum sig.

MÆLT MED: listnámi sem stuðlar að sjálfstjórningu. Ljónum fer einnig vel að kenna. **MÆLT GEGN:** formföstum störfum. **LÝSANDI DÆMI:** Ágústa Eva Erlendsdóttir, Birgitta Haukdal og Mick Jagger skemmtikraftar.

Te ársins kemur frá Afríku
en er reyndar ekki te!



Rooibos frá Afríku - þrjár tegundir
Í rauninni er Rooibos alls ekki te. Það býið til úr rauðum runna sem vex í Cedarberg-fjöllum í Suður-Afríku. Rooibos er lagað eins og venjulegt te. Djúp-rauður liturinn og mildur ilmur með krydduðum keimi gera tедыkkjuna að notalegri upplifun. Rooibos inniheldur ekki kaffín.



» FRAMHALD AF BLS. 16

MEYJA: er greinir og jákvæður gagnrýnandi. Hún rýnir í hlutina til að geta bætt þá.

MÆLT MEÐ: málfraeði, bókmenntafræði og læknisfræði. **MÆLT GEGN:** ópraktískum fögum.

LÝSANDI DÆMI: Sigurður Einarsson stjórnarform. KB-banka

VOG: er mikill þælari og vinnur mikið að félagsmálum. Hún þarf að vinna með öðru fólki. **MÆLIR MEÐ:** félagsvísindum og lögfræði. **MÆLIR GEGN:** vinnu sem einangrar vogina. **LÝSANDI DÆMI:** Ólafur Jóhann Ólafsson rithöfundur og forstjóri.

SPORÐREKI: leggur mikið upp úr sérfræðiþekkingu. Hann kafar djúpt í viðfangsefnið og er fastur fyrir. Hann á auðvelt með að starfa sjálfstætt. **MÆLIR MEÐ:** hjúkrun, læknisfræði, þroskaþjálfun og lyfjarannsóknun. **MÆLIR GEGN:** mikilli hópvinnu þar sem þarf að fara aðrar leiðir en sporðdrekin kys. **LÝSANDI DÆMI:** Magnús Scheving íþróttamaður.

BOGMAÐUR: leitar þekkingar þekkingarinnar vegna. Það er algennt að bogmenn

Meyjur óskast í íslensku!

Sé litið á þrjár greinar innan Háskóla Íslands með tilliti til stjórnumerkis nema enda kemur ýmislegt í ljós.

Naut eru fjölmörg í stjórnmálafræði enda eiga stjórnmálin ágætlega við þau. Vatnsberar eru einnig fjölmennir en þeir eru miklir hugsjónamenn sem vilja hafa yfirsýn yfir umhverfið. Sporðdrekar eru áberandi fæstir í stjórnmálafræði enda snúast þau mikið til um samvinnu sem ekki er sporðrekanum eðlislæg. Hrútar og naut eru fjölmennust í byggingaverkfræði. Þetta er allt í samræmi við stjórnur.

Vogin er fámennust enda er ólíklegt að hún fái útrás fyrir félagslegar hneigðir bak við teikniborðið. Hrútar eru fjölmennastir í íslenskum fræðum í Háskólanum. Þeir eru framfarasinna- og nýhyggjumenn og samkvæmt stjórnumum ekki vel fallnir til íhaldsamrar málverndar. Þetta er það fag sem meyjur ættu að sækja í en einhverra hluta vegna eru þær fámennasta stjórnumerkið í íslenskuskor. Ekki batnar staða íslensku tungunnar við þessar fréttir.

vinni ekki við það sem þeir læra. **MÆLIR MEÐ:** Landafræði og ferðamálafræði. Gráða má ekki takmarka möguleika. **MÆLIR GEGN:** sérfræðinámi. **LÝSANDI DÆMI:** Hannes Smáráson forstjóri FL Group

STEINGEIT: er ábyrgur og skipulagður leiðtogi sem vinnur að uppbyggingu. **MÆLIR MEÐ:** viðskiptafræði, verkfræði og byggingatækni. **MÆLIR GEGN:** störfum sem skilja ekki eftir áþreifanlegan árangur. **LÝSANDI DÆMI:** Davíð Oddsson, fyrrv. forsætisráðherra og Björgólfur Guðmundsson stjórnarformaður Landsbankans.

VATNSBERINN: er yfirvegaður hugsuður sem leggur áherslu á félagsmál. Hann vill hafa yfirsýn. **MÆLIR MEÐ:** tækni- og félagsfræði. Mælir gegn: listnámi. **LÝSANDI DÆMI:** Margeir Pétursson stórmeistari og Kristín Ingólfssdóttir rektor HÍ.

FISKUR: er stórhuga heimsborgari með fjörugetu í myndunarafl. Þeir eru oft listamenn. **MÆLIR MEÐ:** listnámi, heimspeki og sagnfræði. Mælir gegn: raunvísindanámi. **LÝSANDI DÆMI:** Jón Baldvín Hannibalsson stjórnmálaformaður.

Ert þú 13-16 ára?

Nýtt og spennandi útlitsnámsleið fyrir ungt fólk

Viltu læra allt sem skiptir máli um útlit, förðun og framkomu? Förðunarskóli Rifka býður nú ungu fólki á aldrinum 13-16 ára upp á námskeið þar sem kennd eru öll helstu grunnatriði förðunarfræði og framkomu.

- Umhirða húðar og handsnyrting
- Náttúruleg förðun
- Smoky förðun
- Ásetning og meðferð brúnkukrema
- Stilisering og klæðaval, litgreining
- Umhirða hárs
- Framkoma og sjálfstyrking



Aðeins kr. 19.900!

Kennt er einu sinni í viku og tekur hvert námskeið 8 vikur. Vörur frá Rifka og námskeiðsgögn eru innifaldir í námskeiðsgjaldi. Munið Gjafabréfin, tilvalin fermingargjöf. Þátttakendur frá 10% afslátt í förðunarskóla rifka síðar meir.

Skráning er hafin í síma **565-2300** eða skráðu þig á **www.rifka.is**

Um námskeiðin sér fagfólk í fremstu röð:

- Magnea Elinardóttir** förðunarmeistari kennir og hefur umsjón með námskeiði.
- Rán Reynisdóttir** hárgreiðslumeistari á Feimu kennir meðferð á hári og hárgreiðslu.
- Kristín Stefánsdóttir** snyrti- og förðunarmeistari sér um umhirðu húðar og handa.
- Kolbrún Pálína** förðunarmeistari og einkaþjálfari kennir framkomu og sjálfstyrkingu.

rifka
cosmetics
MAKE UP
SCHOOL



Verslunin Skírn, Listhúsinu Laugardal Skírnarkjöll kr. 19.800, húfa fylgir.



Kynning



Sipa, Laugarvegi 67 bolur kr. 2.000



Verslunin NEXT, Kringlumi Stelpugallabuxur kr. 4.190, stelpupeysa kr. 2.990.

Strákagallabuxur kr. 2.390, peysa kr. 2.490, skyrti kr. 2.990, 2 stk húfur saman á kr. 1.290 og hálsmen á kr. 490.



Sipa, Laugarvegi 67 samfella kr. 2.000



Verslunin NEXT, Kringlunni

Hvít vesti kr. 2.490, bolur kr. 1.690, gallapils kr. 2.490 og bleik stígvél kr.4.990

Sansettur blómabolur m/svörtum ermum kr. 2.390, hárband kr. 690, armbönd kr. 690 og sokkabuxur kr. 1.390




Verslunin NEXT, Kringlunni Vestí kr. 1.990, skyrti kr. 2.490, buxur kr. 2.890 og skór kr. 1.690



Móðurást, Hamraborg 7 Smekkbuxur kr. 2.490 samfella kr. 1.390 skór kr. 1.495



Verslunin Adams, Smáralind Bubba byggir bolur kr. 1.795 síðerma blómabolur kr. 1.295



Ef einhver matur er stemningsmatur þá er það BBQ-sósurifjaveisla með öllu tilheyrandi; ekta ídýfum og maísbaunum. Skemmtilegt á góðum stundum með vinum og ættingjum, lengi setið við... en festist aðeins í tönnunum þegar verið er að naga rifin!



Umsjón og eldamenska HALLA
BÁRA GESTSDÓTTIR
Myndir GUNNAR SVERRISSON
Ritstjórar tímaritsins Veggfóðurs

Rifjaveisla og allt með

BBQ svínaríf

Svínaríf er hægt að elda á ýmsa vegu. Þau er hægt að marinera í kryddlegi á austurlenska vísu og hafa hrísgrjón með en ameríska leiðin er gómsæt með öllu góðgætinu sem henni fylgir.

Svínaríf, þarf um þrjár síður fyrir fjóra fullorðna

BBQ-sósa að eigin vali

Gott að krydda sósuna með sætri papriku, reykrtri papriku og chillí

Skerið síðurnar niður á milli beinanna. Setjið rifin í matvinnslupoka. Hellið bbq-sósu yfir, frekar meira en minna, og sáldrið kryddum yfir ef þið viljið. Kryddin eru óþörf en því er ekki að neita að þau gera gott. Varið ykkur á chillíinu. Gott að láta rifin marinerast í pokanum í a.m.k. 2 tíma en enn og aftur má sleppa því. Þægilegt að forvinna þau og eiga tilbúin, jafnvel frá deginum áður.

Raðið rifjunum í ofnskúffu sem er vel klædd með bökunar- eða álpappír. Setjið í 120

gráða heitan ofn í 80-90 mín. Hækka þá upp í 220 gráður til að þau grillist en penslið rifin áður með bbq-sósu, þá hlið sem snýr upp. Snúið rifjunum við á plötunni eftir 10 mín. og penslið þau á hinni hliðinni. Athugið að mjög mikilvægt er að fylgjast með rifjunum reglulega meðan þau eru í ofninum. Með þessari aðferð verða rifin mjúk og nánast detta af beinunum en grillast vel að lokum svo bbq-húðin verður aðeins stökk undir tönn. Gleymið þeim ekki í ofninum á háum hita því þau brenna fljótt.

Ég fæ mér hafragraut milli mála þegar ég verð svöng

Það tekur aðeins 2 1/2 mínútu að elda hafragraut í örbylgjuofninum. Fljótleg og holl millimáltíð hvar sem er og hvenær sem er.

Aðeins
2 1/2
mínúta



8 poka í hverjum pakka. Auðvelt að taka með sér hvert sem er.



- 1 Helltu haframjölinu úr pökunum í skál
- 2 Settu 1,5 dl. af vatni út í (notaðu pokann undir vatnið - nákvæmlega rétti skammturinn)
- 3 Tilbúinn í örbylgjuofninum á 2 1/2 mínútu



Ídýfur

Hér eru uppskriftir af tveimur ídýfum sem eru sérlega góðar með rifjunum. Berið fram með nachos eða tortillum í sneiðum. Hefðbundin ostasósa úr dós sést á myndunum og er hún gott meðlæti með þessu öllu.

Ekta amerísk spínatostaidýfa

- 1 blaðlaukur, hvíti hlutinn, fínt skorinn
- 2 msk. olía til steikingar
- 1 krukka salsasósa
- 10-12 hnúðar af frosnu spínati, þíðið það áður en notað
- 2 bollar rífinn cheddar-ostur
- 200 g rjómaostur
- 1/2 bolli rjómi

Mýkið laukinn í olíu á pönnu. Setjið spínatið saman við. Hellið salsasósunni yfir. Hitið. Bræðið rjómaostinn í blöndunni. Stráið rífnu osti yfir og hrærið vel. Látið bráðna. Þynnið með rjómanum. Setjið í eldfast mót. Stráið osti yfir og hitið í ofni þar til osturinn er bráðinn og ídýfan vel heit.

Ólífur-, kapers- og kóríanderídyfa

- 1 bolli grænar ólífur
- 1/2 bolli kapers
- hnefi ferskt kóríander
- 1/4 bolli jalapeno
- 2 tómatar, fræhreinsaðir

Hellið öllum vökva af hráefninu. Setjið í matvinnsluvél og maukið aðeins, alls ekki of mikið, hafið ídýfuna grófa. Berið fram með sýrðum rjóma.


Maískorn með chillí, steinselju og hvítlauk

Algjör klassík með rifjum. Hér í smá búningi sem er góður með miklu fleiri réttum en rifjum. Gott með grillmat.

- Maískorn, frosin úr poka, heill poki
- 150 g smjör
- 4 hvítlauksrif, söxuð
- 1 rautt chillí, ferskt, fræhreinsað og smátt saxað
- Hnefi steinselja, fersk og söxuð

Bræðið smjör á pönnu. Mýkið hvítlaukinn. Eftir nokkrar mín. fer chillíið saman við og þá steinseljan. Hrærið maískornin saman við og blandið vel. Látið þau hitna vel í gegn áður en borin fram heit.





„Ég borða All-Bran á hverjum degi og mér líður betur.“

Þorleifur F. Magnússon.

VELLIÐAN

Prófaðu að borða eina skál daglega af All-Bran Original í 10 daga og þú finnur muninn á heilsunni, því varla er völ á hollara morgunkorni. All-Bran Original inniheldur 50% af ráðlögðum dagskammti af trefjum sem bæta meltingu og hlaða líkamann fullan af orku sem fleytir þér inn í daginn.

All-Bran eykur vellíðan og bætir útlit



Kínverjar nota frjósemislyf til að sneiða framhjá lögum sem boða að hjón megi aðeins eignast eitt barn.

Vilja fæða fjölbura

Í tilraun til að komast hjá lögum þess efnis að hjón megi eingöngu eignast eitt barn nota Kínverjar frjósemislyf í meira mæli í þeirri von að eignast fjölbura.

Vakið hefur athygli að frjósemislyf eru notuð í æ meira mæli í Kína. Samhliða þeirri aukningu hefur hlutfall fjölburaafæðinga aukist. Talið er að með notkun frjósemislyfja sé fólk að fara í kringum 25 ára gömul kínversk lög sem banna hjónum að eignast fleiri en eitt barn. Lögunum er ætlað að sporna við fólksfjölgun. Kínverjar eru nú um 1,3 milljarður.

Spítali einn í borginni Nanjing tilkynnti fyrir skömmu að fjölburaafæðingar árið 2005 hefðu farið úr 20 upp í 90. Konur taki frjósemislyf í þeirri von að eignast fjölbura og sé þetta algengt meðal efnadari hjóna í flestum stærri borgum Kína. Einnig vekur það athygli að ólöglegt er að selja frjósemislyf án lyfseðils en mörg apótek láta það ekki aftra sér og selja lyfin engu að síður.

Mannréttindasamtök hafa sett sig upp á móti stefnu kínverskra stjórnvalda í barn- eignamálum og telja hana stuðla að óþarfa fóstureyðingum, þvinguðum ófrjósemis- isaógerðum og jafnvel barna- morðum.

Einnig má geta þess að hlutföll sveinbarna sem fæðast í Kína er einnig óeðlilega hátt, en það þykir eftirsóknarverð- ara að einbirnið sé svein- barn.

Leiðir til að líka við grænmeti

Auðvelt er að setja sér það markmið að borða meira grænmeti til að stuðla að betri heilsu. Hins vegar finnst ekki öllum grænmetið vera bragðbesta fæðan. Með því að sleppa grænmetinu erum við um leið að neita líkamanum um þá næringu sem hann þarf. Hér koma nokkur ráð um hvernig koma má grænmetinu niður í maga og venja bragðlaukana við breytt mataræði.

Smakkaðu úrvalið

Svo mikið er til af grænmeti að ekki verður hjá því komist að finna nokkrar tegundir sem þér líkar. Þótt svo þér finnst gúrkrur vondar þýðir það ekki að allt annað grænmeti sé vont líka. Kannski kýst þú frekar sætara grænmeti eins og rófur eða krydd- aða lauka.

Svindlaðu

Saxaðu niður lauk, gul- rætur eða sellerí og settu í kjötsósuna. Hafðu alltaf grænmeti í matnum, en ekki til hliðar á disknum, til að tryggja að grænmetið rati sína leið niður í maga.



Ef grænmetið virkar sem svampur

Ef ekkert grænmeti fellur að bragðlaukunum að þínu mati má reyna að velja sveppi eða eggaldin við eldamennskuna. Hvort tveggja hefur þann eiginleika að soga í sig bragð af öðru hráefni í matnum. Notaðu bragðmiklar jurtir til auka áhrifin.

Ástæða fyrir öllu

Af hverju ætli salatdressing hafi verið fundin upp? Kannski var hún ætluð þeim sem ekki líkar bragðið af hráu grænmeti. Veldu fitusnauðar og

hollar dressingar til að bæta við grænmetið svo það renni ljúfar niður. Einnig má setja hunang, chillisósu, sinnep, ýmis krydd eða hvítlauk á grænmetið til að „fela“ hið raunverulega bragð.



Gefðu því annað tækifæri

Sem barn gætir þú hafa fúlsað við grænmeti sem þér líkaði ekki. Bragðlaukarnir þroskast og þess vegna er ástæða til að gefa spínatinu eða rósakálinu annað tækifæri.

Heilsusamleg ídýfa

